

Fundargerð Samtaka Heilsuleikskóla

26. september 2017

Mættir: Sigrún Hulda, Þóra Sigrún, Bergljót Sif, Berglind, Erla Stefanía og Oddný Þóra.

Fundargerð síðasta fundar lesin og yfirfarin.

1. Matseðlar/næringarstefna - ákveðið var að prenta út uppskriftarbankann til þess að minnka útbreiðslu á rafrænan hátt. Bók fylgir núna þegar næringarpakkinn er keyptur, bækur fyrir þá sem er búnir að fá pakkann rafrænt geta keypt bókina á næsta aðalfundi
2. Embætti landlæknis bað um að fá að birta tvær uppskriftir úr bókinni til þess að birta á heimasíðu þeirra – ákveðið var að verða við beiðni þeirra. Berglind sér um að koma uppskriftum til skila en valið var grænmetislasagne og grænmetisbuff.
3. Fánar og skjöldur - ákveðið var að fresta kaupum á skyldi vegna sendingarkostnaðar, ákveðið var að skyldir verða afhentir á næsta aðalfundi.
4. Gjaldskrá - Sif ætlar að fara yfir gjaldskrána og hún verður gefin út á Heimasíðu Heilsustefnunnar þegar búíð er laga hana.
5. Heimasíða - umræður um heimasíðuna frestað.

Önnur mál

Ýmis mál gjaldkera - greiðsluseðlar verða hér eftir rafrænir og bætt verður við þjónustugjöldum fyrir kostnaði.

Opnaður var nýr umsýslureikningur sem gefur betri vexti.

Sigrún sendir Þóru yfirlit yfir alla sem að pöntuðu fána og skjöld - gjaldinu verður bætt við árgjaldið.

Berglind sér um að svara fyrirspurnum á g-maili Samtakana.
samtok.heilsuskola@gmail.com.

Gera upplýsingakönnun fyrir aðalfund um þætti sem viðkoma heilsuleikskólum - umsjón útteild seinna.

Farið var yfir verkefnaáætlun Stjórnar.